



## 3. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 1. mars 1996.

Varaformaður L.H. Guðbrandur Kjartansson setti fund kl. 14:45 þar sem formaður var ókominn en var á leið á fundinn.

Mættir voru: Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Birgir R Gunnarsson, Ágúst Oddsson, Haraldur Þórarinnsson, Sigurður Þórhallsson og Guðmundur Jónsson.

### 1. Frissa fríska leikar á Akureyri.

Guðbrandur kynnti dreifibréf frá hestamannafélaginu Létti þar sem félagið er að kynna Frissa fríska leikana á Akureyri. Þessir leikar eru barna og unglíngahátíð sem hestamannafélagið Léttir og íþróttadeild þess standa fyrir á sumri komanda eða 7. - 9. júní n.k. Þessir leikar eiga að feta í fótspor Andrésar Andar leikanna (skíðahátíð) sem haldin er árlega. Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri er styrktaraðili leikanna. Stjórn L.H. lýsir ánægju sinni með þetta framtak Akureyringa.

### 2. Störf nefnda.

A) **Mótanefnd** hefur haldið tvo fundi þar sem nefndin hefur fjallað um framtíð landsmótahalds samkvæmt þingskjali nr. 5 frá síðasta ársþingi. Nefndin er að undirbúa bréf ásamt spurningalista sem sent verður til ákveðinna aðila. Þetta mun fara í póst í næstu viku. Þá afgreiddi nefndin móta og atburðaskrá L.H. og HÍS 1996. Þriðji fundur mótanefndar verður haldinn síðar í dag. Sigbjörn og Halldór eiga sæti í mótanefnd.

B) **Keppnisnefnd** hefur haldið einn fund. Aðalverkefni nefndarinnar er að fara með öll mál er lúta að keppni, barna, unglínga, ungmenna og gæðinga. Einnig er hlutverk nefndarinnar að fara yfir þær breytingar sem samþykktar eru á keppnisreglum á ársþingum L.H. og sjá til þess í samvinnu við skrifstofuna að breytingarnar komist inn í nýjar keppnisreglur.

C) **Æskulýðsnefnd**. Á fundi stjórnar L.H. 19. janúar s.l. var Guðmundi, Guðbrandi og Kristmundi falið að koma með drög að stefnumörkun L.H. í æskulýðsmálum og endurskoða starfslýsingu æskulýðsnefndar L.H. Formaður dreifði til stjórnarmanna uppkasti að lýsingu og stefnumörkun L.H. er varða störf æskulýðsnefndar og æskulýðsfulltrúa sem þeir höfðu unnið. Þessi stefnumörkun er sett fram í 8 liðum og er sem hér segir í fyrirsögnum:

1. Uppbygging æskulýðsnefndar L.H. og HÍS.
2. Fræðslustarf.
3. Æskulýðsmót.
4. Eftirlit.
5. Félagsleg tengsl.
6. Þrýstingur á sveitarstjórnir og bæjaryfirvöld.
7. Erlend samskipti.
8. Samskipti við FEIF.

Stjórnarmenn ræddu þessi mál töluvert á breiðum grundvelli. Ákveðið var að senda öllum hestamannafélögum drögin til kynningar og óska eftir hugmyndum og athugasemdum. Félögin skili inn umsögnum sínum fyrir 1. apríl.

D) **Sameiningarnefnd L.H. og HÍS**. Nefndin hefur haldið 3 fundi og hefur unnið upp drög að lögum fyrir ný samtök. Þessi drög eru í prentun og verða samlesin 5 mars n.k. Haraldur Þórarinnsson situr í nefndinni og kynnti hann vinnu nefndarinnar.

E) **Skógarhólanefnd.** Nefndin hefur ekki komið saman en hefur verið í símasambandi og skoðað ýmiss mál. Til stendur að halda fund bráðlega og fjalla um málefni Skógarhóla.

F) **Reiðveganevnd.** Fram kom í umræðum að hestamannafélögin eru nú að senda inn til skrifstofunnar umsóknir um reiðvegafé úr reiðvegaskjóði L.H. Framlag ríkissjóðs á þessu ári til L.H. vegna reiðvegagerðar er kr. 10.000.000. Töluverðar umræður urðu um reiðvegamála og úthlutun reiðvegafjárins. Fram kom að nauðsynlegt er að setja reglur eða reglugerð um hvernig æskilegast sé að úthlutun fari fram. Stjórnin felur framkvæmdastjóra L.H. í samráði við formann að setja saman drög að reglum um úthlutun reiðvegafjár. Þessi drög liggja fyrir á næsta fundi stjórnar til umfjöllunar.

G) **Mannvirkjanefnd.** L.H. hefur ekki skipað fulltrúa í sameiginlega mannvirkjanefnd L.H. og HÍ.S. Það verður gert síðar.

### 3. Landsmót 1998.

Formaður gerði grein fyrir svörum hestamannafélaga á Norðurlandi, sem borist höfðu skrifstofu L.H. er varða rekstraraðild að landsmóti 1998. Svörin verða yfirfarin af skrifstofunni og haft verður samband við þau félög sem ekki hafa sent inn svör.

Frá 8 hestamannafélögum á Norðurlandi vestra kom sameiginlegt bréf undirritað af formönnum þeirra.

Í bréfinu kemur fram að formennirnir telja sig ekki geta svarað spurningunni um rekstraraðild sinna félaga á þeirri forsendu að forsendur þær sem gefnar eru varðandi rekstraraðild séu ekki réttar eins og þær liggja fyrir að þeirra mati. Miklar umræður urðu um val á landsmótsstöðum á breiðum grundvelli og ræddar forsendur staðarvals landsmóts í Eyjafirði 1998.

Formaður greindi frá viðræðum sínum við einn af formönnum félaganna á Norðurlandi vestra. Í framhaldi þessara viðræðna var ákveðið af stjórn L.H. að formaður mæti á fundi fyrir norðan með formönnum þessara félaga og ræði stöðuna og leiti lausna sem allir gætu unað við.

### 4. Bréf til afgreiðslu.

A) Kynnt bréf frá hestamannafélaginu Andvara Garðabæ. Stjórnin ræddi erindi bréfsins. Telur stjórnin að skeiðbraut félagsins á Kjávöllum sé lögmæt eins og meðfylgjandi gögn sýna.

B) Formaður gerði grein fyrir bréfi frá Alþingi Ísl. dags. 31.1. s.l. þar segir að fjárlaganefnd úthluti L.H. af fjárlögum 1996 kr. 700.000 af liðnum 02988 190 Menntamálaráðuneytið Æskulýðsmál. Fram kemur að umsókn fyrir fjárlagaárið 1997 þarf að berast í síðasta lagi fyrir 1. okt. n.k.

C) Bréf kynnt frá Björgunarsveitinni Ingunni Laugarvatni um beinan fjárstyrk henni til handa. Stjórnin telur sér ekki fært að veita beinan fjárstyrk.

D) Kynnt bréf frá L.H. til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar dags. 19.2. s.l. Bréfið var sent í þeim tilgangi að styðja við bakið á hestamönnum í Eyjafirði og á Akureyri í baráttu þeirra fyrir reiðleiðinni fram Eyjafjarðarsveit vestan ár á Melgerðismela.

E) Lagt fram bréf samið af Guðbrandi og Sigurði varðandi hvatningu til hestamannafélaganna um að setja á stofn reiðveganevndir líkt og hefur starfað í Kjarlarnesþingi hinu forna með miklum ágætum. Stjórnin samþykkti að senda það óbreytt til formanna allra félaga svo og fulltrúum L.H. gagnvart Vegagerðinni.

### 5. Ársþing HÍ.S.

Formaður greindi frá ársþingi HÍ.S sem hann sat 16.-17. febrúar s.l.

**6. Fundur v. HM'97.**

Formaður greindi frá fundi formanna L.H. og HÍS ásamt Sigurði Magnússyni og Norðmönnum (fulltrúum úr undirbúningsnefnd HM'97) með forseta Íslands. Tilfni fundarins var það að fara þess á leit við forsetann frú Vigdísu að hún verði verndari Heimsmeistaramótsins í Noregi 1997. Hún tók erindinu jákvætt og mun svara erindinu formlega síðar.

**7. Stóðhestastöðin.**

Formaður ræddi málefni Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti. Ýmsar blikur eru á lofti um rekstur stöðvarinnar. Sigurði falið að afla gagna um málefni stöðvarinnar fyrir næsta stjórnarfund.

**8. Landsdómararáðstefna.**

Haldin var landsdómararáðstefna 24. febrúar s.l. Vegna veðurs komust færri á ráðstefnuna en ætluðu. Af þessum sökum er ráðgert að efna til annarar ráðstefnu (einn dagur) sem fyrst fyrir þá sem ekki komust til Reykjavíkur 24. febrúar s.l.

Halldór Gunnarsson  
Sigurgeir Bárðarson  
Ágúst Oddsson  
Jón Bergsson

Guðmundur Jónsson  
Sigbjörn Björnsson  
Haraldur Þórarinnsson